

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 107/2010**

**frá 1. október 2010**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 <sup>(3)</sup> frá 29. maí 2009, ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2009 frá 18. desember 2009 um að setja viðmiðanir sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstaðanir <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66hc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010) í XIII. viðauka við samninginn:

„66hd. **32009 R 1254**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2009 frá 18. desember 2009 um að setja viðmiðanir sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstaðanir (Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 17).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 17.

Reglugerð þessi gildir frá gildistökuðegi síðustu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 300/2008.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1254/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. október 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.